

Dá er stjórninni heimilt að verja fé úr atvinnuleysistryggingasjóði til endurbjálfunar starfsmannahópa, sem missa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta, í því skyni, að þeir verði færir til að taka upp ný störf.

26. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla laganna er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 15. gr. d og 16. gr. e, ef ástæða þykir til.

28. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, svo og eftirtalin lög um breyting á þeim lögum: Lög nr. 2/1957, lög nr. 4/1959, lög nr. 21/1964, lög nr. 28/1966, lög nr. 95/1966, lög nr. 70/1969 og lög nr. 44/1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar, er ráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi og kjararannsóknarnefnd hefur annað, þótt ákveðið verði, að hún yrði unnin af öðrum aðilum.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um
Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 8. gr. orðist svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 800 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en $\frac{3}{4}$

hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. grein laga nr. 97 22. desember 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera til 33 ára, afborganalaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjörin hin sömu og lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins. Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um útlutun lána þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um
Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 2. mgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga samkvæmt C-lið 29. gr., svo og til byggingarmeistara, byggingarfyrirtækja, sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna komi nýr kafli, er verði V. kafli, 27.—35. gr., með fyrirsögninni: Um byggingarsamvinnufélög, og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að V.—VI. kafli verða VI.—VII. kafli og 27.—33. gr. verða 36.—42. gr.

3. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði þessa kafla taka til sérhvers félags, sem starfar á samvinnugrundvelli með því markmiði að reisa með sem hagfelldustum kjörum íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota ásamt öðrum byggingum, sem teljast verða í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið.

Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

- a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis, sbr. A-lið 29. gr.